



Ársskýrsla 2025-2026
Starfsáætlun 2026-2027
Leikskólinn Laugaland

Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla.

Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum og áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun fræðsluviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Skólaárið 2025-2026

Í öllu starfi leikskólans er unnið eftir aðalnámskrá leikskóla og grunnþættir menntunar hafðir að leiðarljósi. Þá er unnið í samræmi við skólastefnu Odda bs., skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun.

Starf leikskólans var að flestu leiti hefðbundið þennan vetur. Nýr leikskólastjóri tók til starfa í ágúst 2025 og hafði það óneitanlega einhver áhrif á starf leikskólans. Stjórnendateymi hefur unnið að því í vetur að endurskoða handbækur og áætlanir leikskólans og mun sú vinna halda áfram inn í næsta vetur. Þá hefur verið unnið að nokkrum nýjum verkefnum svo sem heilsueflandi leikskóla, námssöguskráningum, sögupokagerð og þróun útikennsluverkefnisins Fræ framtíðarinnar. Þá átti leikskólinn 30 ára afmæli í maí og var haldið upp á það með fjölbreyttum hætti. Hápunktur afmælishaldsins var án efa heimsókn forseta Íslands, frú Höllu Tómasdóttur. En í heimsókn sinni vígði hún nýja útikennslusvæði leikskólans með því að gróðursetja þar hindberjarunna.

Hér á eftir fer samantekt af helstu þáttum skólastarfs þessa skólaárs.

Börn og deildaskipting

Leikskólinn er þriggja deilda og heita deildarnar eftir sveitarfélögunum sem nýttu Laugaland undir starfsemi sína. Ásar er deild ætluð börnum á aldrinum 1-2 ára, Holt er ætluð börnum á aldrinum 2-4 ára og Land er ætlað börnum á aldrinum 4-6 ára. Var þetta fyrsti veturinn þar sem reknar voru þrjár deildar í sérrými allan veturinn.

Ásar - Þar hófst aðlögun yngstu barna um miðjan ágúst og urðu börnin 8 þegar mest var í janúar síðastliðnum. Eitt barn fluttist yfir á Heklukot stuttu eftir að aðlögun lauk á Laugalandi og hafa börnin verið 7 talsins frá því í lok febrúar.

Holt - Vegna tilfærslu á starfsfólki var ákveðið að árgangur 2020 (elsti hópur) fylgdi sínum hópstjóra niður í Holt og yrði þar með árgöngum 2022 og 2023. Að hausti voru því 22 börn á þeirri deild, þessi ráðahagur gaf ekki nógu góða raun og fluttist elsti árgangur því upp á Land um áramót og frá þeim tíma voru 15 börn á deildinni.

Land - Að hausti voru 14 börn uppi á Landi en um áramót urðu þau 21 þegar árgangur 2020 fluttist milli deilda. Sú breyting lukkaðist ágætlega, deildin er mjög rúmgóð og ræður vel við þennan fjölda barna.

Árgangur	Fjöldi	Strákar	Stelpur
2020	7	4	3
2021	14	10	4
2022	6	2	4
2023	9	4	5
2024	7	6	1
Samtals	43	26	17

Myndin hér að ofan sýnir samsetningu barnahópsins hvað kynjahlutföll varðar þann 1. Maí 2026. Eins og sést eru drengir töluvert fleiri en stúlkur eða um 60% af heildarfjölda barna.

Tungumálabakgrunnur	Fjöldi	Hlutfall
Eintyngd - íslenska	40	93%
Fjöltýngd	3	7%
Samtals	43	

Myndin hér að ofan sýnir samsetningu barnahópsins hvað tungumálabakgrunn varðar. Aðeins þrjú börn teljast fjöltýngd, þar af eru tvö börn sem alast upp með íslensku foreldri. Eitt barn fluttist til landsins á þessu ári og eru því bæði barn og foreldrar að læra íslensku.

Stoðþjónustu

Skilgreining á stoðþjónustu felur í sér aðkomu umsjónarmanns stoðþjónustu að málefnum barnsins. Í því getur falist að teymi sé starfandi um barnið, að málefni þess hafi verið rædd í lausnaleyrtými leikskólans eða aðkomu sérfræðinga skólaþjónustu.

Á þessu skólaári hefur umsjónarmaður stoðþjónustu haft formlega aðkomu að málefnum 14 barna. Í flestum tilfellum er þar um að ræða framburðarvanda og samstarf við talmeinafræðing vegna málefna viðkomandi. Þá veitir umsjónarmaður stoðþjónustu einnig ráðgjöf og leiðbeiningar til deildarstjóra og starfsmanna á deildum.

Á þessu skólaári var umsjónarmaður stoðþjónustu í 29% starfi og afar mikilvægt er að auka það starfshlutfall á næsta skólaári.

Starfsfólk

Leikskólinn býr yfir miklum mannauð, en við leikskólann starfa 17 einstaklingar í mismunandi starfshlutföllum. Ein stærsta áskorun í daglegum rekstri leikskólans er hversu fáir starfsmenn eru í 100% starfi og getur því oft reynst talsvert þúsluspil að hafa leikskólann nægilega mannaðan allan opnunartímann. Þessu fylgir þó einnig sá kostur að við erum með fleira starfsfólk en annars og eigum þá oft kost á að bregðast við manneklu með því að óska eftir því við einstaka starfsmenn að lengja vinnutíma sinn þann daginn. Það gerist því afar sjaldan að loka þurfi deildum eða send börn heim. Við höfum í þrígang þurft að loka deildum vegna manneklu, tvisvar á haustönn og einu sinni á vorönn. Aðeins er gripið til þeirrar ráðstöfunar þegar ljóst er að ekki sé hægt að tryggja öryggi og vellíðan barna.

Á þessu skólaári voru tveir starfsmenn í launuðu starfsnámi og munu þeir útskrifast með leyfisbréf nú í sumar.

Menntunarstig	Menntun	Stöðugildi
Leyfisbréf kennara	3	2,8
Faglærðir í KÍ	3	2,2
Leikskólaliði	1	1
Ófaglærðir	10	8.6
Samtals		14.6

Myndin hér að ofan sýnir samsetningu starfsmannahópsins nú í vetur, stöðugildi (án ræstingar) eru samtals 14.6 og þar af eru 2.8 mönnum einstaklingum með kennararréttindi. Það gera innan við 20%, sem er langt undir því marki sem sett er í lögum um leikskóla en þar kemur fram að 2/3 hlutar starfsmanna skuli hafa leyfisbréf kennara. Mikilvægt er að vinna markvisst að því að fjölga kennaramenntuðum í starfsmannahópnum. Rétt er að nefna að þær aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til í vetur hafa skilað árangri og mun hlutfall faglærðra hækka töluvert í haust.

Faglegt starf

Eins og áður sagði var unnið eftir opinberum námsskrám, starfsáætlun leikskólans og skóladagatali. Hér verða ekki tíunduð öll þau verkefni sem unnið var að í vetur en þau voru fjölmörg á öllum deildum. Hér á eftir fer hins vegar stutt umfjöllun um sérstaka áhersluþætti sem unnið var að í vetur.

Jákvæður agi

Áfram var unnið að innleiðingu jákvæðs aga. Tveir starfsmenn fóru á réttindanámskeið um jákvæðan aga í janúar og haldnir voru reglulegir fræðslufundir fyrir starfsfólk leikskólans. Í leikskólanum er starfandi teymi um jákvæðan aga sem leitt er af Guðbjörgu Matthíasdóttur, aðstoðarleikskólastjóra. Í teyminu á hver deild sinn fulltrúa og er það í höndum teymisins að hafa yfirumsjón með áframhaldandi innleiðingu. Mikilvægt er að halda markvissri innleiðingu áfram og fjölga þeim sem setið hafa réttindanámskeið, en allt starfsfólk fór á innleiðingarnámskeið veturinn 2021-2022. Nú hafa fjórir starfsmenn setið réttindanámskeið, en þangað þarf starfsfólk að fara á eigin vegum og sækja styrki úr sínum stéttarfélögum.

Heilsueflandi leikskóli

Veturinn 2024-2025 var tekin var ákvörðun um að Leikskólinn Laugaland yrði heilsueflandi leikskóli. Því miður vannst lítið í málinu þann vetur en nú hefur verið stofnaður stýrihópur um innleiðinguna. Hópurinn leiðir Kristín Ósk, leikskólastjóri, en í hópnum situr einnig fulltrúi stjórnenda, fulltrúi faglærðra, fulltrúi ófaglærðra og fulltrúi foreldra. Áætlað er að kortlagningu ljúki að hausti 2026 en þegar er farið að vinna í þeim þáttum sem búið er að kortleggja, á borð við hreyfingu og tannvernd. Mikilvægt er að byggðasamlagið Oddi setji sér markmið hvað heilsueflandi leikskóla varðar, undir þetta falla ýmsir þættir sem leikskólinn hefur ekki full yfirráð yfir og má þar sérstaklega nefna mötuneyti, íþróttasal og sundlaug.

Námssöguskráningar

Í námsmatshandbók leikskólans, sem tók gildi haustið 2024, er kveðið á um að nota aðferðir námssöguskráninga og uppeldisfræðilegra skráninga til mats á námi barna. Nú á vorönn vann Elín Grétarsdóttir að lokaverkefni sínu við Háskóla Íslands og ákvað hún að fjalla um þessar aðferðir. Ákveðið var að nýta tækifærið og bjóða öllu starfsfólki að taka þátt í starfshóp um skráningar og voru 10 starfsmenn af 17 sem þáðu boðið. Hópurinn fékk fræðslu um þessar skráningaraðferðir og í kjölfarið var unnið að skráningum inni á deildum. Árangurinn var vægast sagt stórkostlegur og mikil gróska varð í skráningum og faglegu samtali innan hópsins. Á starfsdegi voru aðferðirnar og skráningarnar kynntar og í kjölfarið fengu allir

starfsmenn það verkefni að ljúka að minnsta kosti tveimur skráningum fyrir lok maí. Á fundi í maí voru skráningarnar síðan kynntar og ígrundaðar með öllu starfsfólki. Ljóst er að þessi aðferð er geysilega gott verkfæri, ekki bara til að skrá framfarir í þroska og námi barna heldur einnig til að efla faglegt starf innan leikskólans og gefa öllum starfsmönnum, lærðum sem ólærðum, tækifæri til virkrar þátttöku í námsmati.

Sögupokar

Á vorönn hefur Jule Annika Schreiner unnið að gerð efnis í sögupoka. Jule er mikil listakona og brást vel við beiðni um að nýta styrkleika sína til að útbúa efni úr völdum bókum. Nú þegar hefur Jule útbúið allar persónur úr Mjallhvíti og dvergum sjö, Svörtu kisu, Bjarnastaðaböngsunum og Litla skrímslið. Hver sögupoki inniheldur þá bókina sjálfa, persónur bókanna útbúnar úr hinum ýmsa efniðvið og ítarlegt kennsluefni. Sögupokar eru skemmtileg aðferð til að glæða sögurnar lífi og í framhaldinu að vinna með efni sögunnar með fjölbreyttum hætti. Það er von okkar að hægt verði að bæta jafnt og þétt við sögupokum á komandi misserum.

Fræ framtíðarinnar

Í tilefni af rausnarlegri gjöf kvenfélagsins Einingar, sem færði okkur 1 milljón króna á síðasta ári og 30 ára afmæli leikskólans ákváðum við að vera svolítið stórhuga og koma á legg framúrskarandi útikennslusvæði við leikskólann. Við óskuðum eftir því við Rangárþing ytra að fá landsvæði Mýrarkots að gjöf og var vel brugðist við þeirri beiðni. Þá óskuðum við eftir því að fá að ráða sérgreinastjóra heilsueflingar og útikennslu og var það einnig samþykkt. Þann 21. Maí síðastliðinn vígði forseti Íslands svæðið þegar hún gróðursetti þar fyrstu trén ásamt elstu börnum leikskólans. Framundan er mikil uppbygging, sem verður leidd af sérgreinastjóra útikennslu. Við höfum þegar fengið vilyrði fyrir samstarfi við Land og skóga um endurnýjun trjágróðurs á svæðinu, foreldrar útskriftarhóps gáfu okkur ýmis áhöld til útieldunar og Kvenfélagið Lóa ætlar að gefa okkur gjafabréf til kaupa á berjatrá og búnaði.

Virkjun áfalla- og viðbragðsáætlunar

Nú í vor komu upp veikindi meðal lítills hóps barna, eitthvað sem við töldum vera ákafa en engu að síður hefbundna magapest. Í kjölfarið lagðist eitt barn inn á sjúkrahús með óútskýrð einkenni sem lýstu sér í bláma á fótleggjum og miklum verkjum. Læknar töldu veikindin eiga uppruna sinn í umræddri magapest og var ákveðið að virkja áfalla- og viðbragðsáætlun leikskólans vegna þessa. Málið var tilkynnt sveitarstjóra og Heilbrigðisstofnun Suðurlands ásamt því að allir foreldrar fengu upplýsingapóst um málið, foreldrar hinna barnanna sem

veiktust fengu þó heldur ítarlegri póst. Að lokum kom í ljós að ástæða veikindanna var sníkjudýr og þar sem slíkt getur leynst mjög víða var erfitt að vinna orsök. Málið var tilkynnt til viðeigandi yfirvalda, heilbrigðiseftirlits og landlæknis. Ákveðið var að loka sundlauginni á Laugalandi og voru tekin sýni úr sundlaugarvatni og neysluvatni á deild barnanna. Þá var farið í stórhreingerningu á deild barnanna. Því miður er enn ekki vitað hvaðan téð sníkjudýr kom en óhætt að fullyrða að leikskólinn hafi brugðist fumlaust og faglega við þessu máli, í samræmi við áfalla- og viðbragðsáætlun sem sannaði gildi sitt.

Innra mat

Unnið var að innra mati í samræmi við námsmatshandbók leikskólans. Áætlun leikskólans um innra mat þarfnast hins vegar endurskoðunar og mun hún verða unnin í faghóp leikskólans næstkomandi vetur.

September – starfsmannasamtöl um komandi vetur

Október/Nóvember – ígrundunarsamtöl starfsfólks í samræmi við námsmatshandbók

Janúar – starfsmannasamtöl um líðan í starfi


Mars – Broskallamat/mat elstu barna á námi

Apríl/maí – starfsmannasamtöl um skipulagningu næsta vetrar

Maí – foreldrakönnun

Niðurstöður mats elstu barna

Börnin fóru einslega til samtals við hópstjóra sinn, Steindór Tómasson, og voru þá spurð hvernig þeim liði þegar þau færu í þær stundir sem spurt var um.



Börnin í hópnum eru 7 talsins, bláa súlan sýnir svarið „vel“, sú rauða sæmilegt og gráa súlan þýðir að barnið hafi svarað að því liði illa í viðkomandi stund. Eins og sjá má líður öllum

börnunum vel í íþróttum, tónlist, frjálsum leik og skólaheimsóknum. Útivist er greinilega misspennandi en úti er ævintýri – sem er svo sannarlega útivist fær betri svörun. Í þeim stundum er útivistin oftast lengri og farið út fyrir afgirta leikvelli.


Börnin svöruðu einnig opnum spurningum og voru allir á því að þeim liði almennt vel með kennurunum sínum, kennarar væru sanngjarnir og að þau gætu talað við kennara ef þeim liði illa.

Niðurstöður foreldrakönnunar

Í Maí var foreldrakönnun send til foreldra í tölvupósti. Í leikskólanum eru 43 börn og bárust 22 svör. Hægt var að svara könnuninni oftar en einu sinni ef foreldrar vildu svara fyrir sitthvort barnið. Spurningar með valmöguleikum voru alls 17, í kjölfarið fylgdu 3 opnar spurningar. Allar niðurstöður má nálgast í fylgiskjali en hér verður fjallað um þau svör þar sem einhver óánægja kom fram.

5. Ég er ánægð/ur með malarleikvöll leikskólans (0 point)


● Mjög sammála	3
● Frekar sammála	11
● Hlutlaus	1
● Frekar ósammála	4
● Mjög ósammála	3



Spurt var um ánægju foreldra með malarleikvöll leikskólans, meirihluti svarenda eða 64% svara því til að þau séu frekar eða mjög sammála fullyrðingunni. Hins vegar eru 32% svarenda frekar eða mjög ósammála fullyrðingunni.

6. Ég er ánægð/ur með grasleikvöll leikskólans (0 point)


● Mjög sammála	10
● Frekar sammála	7
● Hlutlaus	3
● Frekar ósammála	1
● Mjög ósammála	1



Spurt var um ánægju foreldra með grasleikvöll leikskólans, meirihluti svarenda eða 77% svarenda svara því til að þau séu frekar eða mjög sammála fullyrðingunni. Hins vegar eru 19% svarenda frekar eða mjög ósammála fullyrðingunni.

7. Ég tel leiksvæði leikskólans hvetja til fjölbreyttra leikja (0 point)


Mjög sammála	4
Frekar sammála	12
Hlutlaus	3
Frekar ósammála	3
Mjög ósammála	0



Spurt var hvort foreldrar teldu leiksvæði leikskólans hvetja til fjölbreyttra leikja, meirihluti svarenda eða 73% voru frekar eða mjög sammála fullyrðingunni. Hins vegar voru 14% hlutlaus og önnur 14% frekar ósammála fullyrðingunni.

17. Ég er ánægð/ur með matseðil leikskólans (0 point)

Mjög sammála	5
Frekar sammála	6
Hlutlaus	3
Frekar ósammála	6
Mjög ósammála	2



Spurt var hvort fólk væri ánægt með matseðil leikskólans, helmingur svarenda eða 50% voru frekar eða mjög sammála fullyrðingunni, 14% voru hlutlaus en 36% voru frekar eða mjög ósammála fullyrðingunni.

Af 17 lokuðum spurningum voru þetta einu spurningarnar þar sem foreldrar merktu við valmöguleikann frekar eða mjög ósammála. Við þau atriði þar sem hlutfall ánægðra er undir 80% fer það atriði á umbótaáætlun.

Í lok könnunar voru þrjár opnar spurningar og koma hér dæmi um svör foreldra.

„Lýstu því hvað þér þykir gott við leikskólann“

Starfsfólkið og þá sérstaklega kærleikurinn. Metnaðurinn fyrir góðu og faglegu starfi er yfirleitt mikill, barninu mínu líður mjög vel og finnst mér leikskólinn vera á mikilli uppleið hvað varðar breytingar og bætingar, Frábært umhverfi til náms, starfsfólk frábært og tekur alltaf á móti börnunum með hlýju og hrósi á vör. Mér finnst starfsemin metnaðarfull og áherslur stjórnenda til fyrirmyndar í alla staði. Andrúmsloftið er afslappað og viðmótið gott.

Smæð leikskólans er kostur og nokkrir úr starfsliði eru framúrskarandi einstaklingar sem lyfta daglegu starfi.

„Lýstu því hvað þér þykir mega betur fara í leikskólanum“

Hádegismaturinn mætti vera heimilislegri. Byggja upp leiksvæði í kringum leikskólann. Maturinn kannski það helsta. Hef á tilfinningunni að barnið borði lítið sem ekkert suma daga. Færri starfsdagar. Maturin, leiksvæðin. Matseðillinn mætti innihalda minna af unnum matvörum. Hreinn fæði þó að meðlæti sé í boði með því í sósuformi og öðru. Aðstaðan, malarleiksvæði. Ég væri til í að sjá aðeins meiri metnað hvað varðar nám innan deildarinnar.

„Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum“

Eina sem ég hef út á að setja er hádegismaturinn, mér finnst vanta alveg venjulegan heimilismat. Það þarf virkilega að fara að taka á þessum matarmálum hjá kokkinum. Þessar endalausú súpur og létt fæði er ekki matur fyrir börn í fullu starfi.

Eins og sjá má er samhljómur í svörum við opnum spurningum og þeim lokuðu spurningum þar sem óánægja kom fram. Mikilvægt er að huga að uppbyggingu leiksvæðis og fer það málefni á umbótaáætlun leikskólans. Þá er töluvert um athugasemdir vegna matseðils leikskólans og í samræmi við áherslur um heilsueflandi leikskóla er mikilvægt að setja fram heildstæða stefnu hvað varðar næringu barna, hvort heldur sem er morgunmat, hádegismat eða kaffitíma.

Umbótaáætlun

Á umbótaáætlun undanfarin ár má sjá það markmið að gera umhverfi á útisvæði meira hvetjandi til leiks og bæta leiksvæði

Umbótaáætlun vor 2024

Markmið	Leiðir	Tímamörk	Ábyrgðarmaður	Viðmið/Árangur
Gera umhverfi á útisvæði meira hvetjandi til leiks og bæta leiksvæði	Setja fleiri leiktæki á stóra útisvæði. Kofa á stóra svæði þar sem efniviður er aðgengilegur börnunum	Skólaárið 2024-2025	Leikskólastjóri/eignaumsjón	Innra mat vor 2025 Ekki komið vor 2025

Umbótaáætlun vor 2025

Markmið	Leiðir	Tímamörk	Ábyrgðarmaður	Viðmið/Árangur
Gera umhverfi á útisvæði meira hvetjandi til leiks og bæta leiksvæði	Setja fleiri leiktæki á stóra útisvæði. Kofa á stóra svæði þar sem efniviður er aðgengilegur börnunum	Skólaárið 2025-2026	Leikskólastjóri/eignaumsjón	Innra mat vor 2026 Ekki komið vor 2026

Umbótaáætlun vor 2026

Markmið	Leiðir	Tímamörk	Ábyrgðarmaður	Viðmið/Árangur
Gera umhverfi á útisvæði meira hvetjandi til leiks og bæta leiksvæði	Vinna að framtíðarskipulagi leikvallar á svæði vestan við húsið	Skólaárin 2026-2028	Leikskólastjóri/eignaumsjón	Innra mat vor 2028
Bæta matseðil	Vinna að heildstæðri stefnu um næringu barna	Skólaárið 2026-2027	Leikskólastjóri, skólastjóri Laugalandsskóla og matráður	Innra mat vor 2027

Undirrituð telur það vænlegast til árangurs að vinna að framtíðarskipulagi leikvallar á svæði vestan við húsið, þar sem nú er grasleikvöllur leikskólans. Væri það í samræmi við þær hugmyndir sem fram hafa komið um uppbyggingu leikskólans á komandi misserum. Til rökstuðnings má benda á að leiktæki á malarleikvelli eru komin mjög til ára sinna. Nýjustu leiktækin eru frá árinu 2007 en rólur voru færðar úr Mýrarkoti á sínum tíma og má leiða líkum að því að þær séu frá árinu 2000, en á gömlum myndum sést þegar verið er að setja þær upp á leikvelli Mýrarkots. Þá gerðu BSI og heilbrigðiseftirlit úttektir á leiksvæðum leikskólans, í október og maí og í skýrslum beggja aðila er bent á fjölmörg atriði sem þarfnast lagfæringa og í sumum atriðum er krafist tafarlausra úrbóta.

Á úrbótaáætlun fer einnig að bæta matseðil leikskólans. Mikilvægt er að vinna að heildstæðri stefnu um næringu barna, sem helst þá í hendur við þá stefnu sveitarfélagsins að vera heilsueflandi sveitarfélag og þá viðleitni leikskólans að vera heilsueflandi leikskóli. Þar sem leikskólinn hefur ekki sjálfstæð yfirráð yfir mótuneyti þarf það að vinnast í samráði við skólustjóra Laugalandsskóla og matráð.

Foreldraráð

Fjórir fulltrúar foreldra skipa foreldraráð/foreldrafélag (Hans og Gréta) leikskólans á Laugalandi. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins í september ár hvert.

Foreldraráð starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Hlutverk foreldraráðs er:

- Að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2 mgr. 5. gr. um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. (fylgiskjal 1)
- Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum.
- Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Foreldrar barna á Leikskólanum Laugalandi geta leitað beint til foreldraráðsins ef málefni eru þess eðlis að foreldrar vilja ekki leita til leikskólans beint. Foreldraráðið metur hvert tilfelli fyrir sig og ákveður, á fundi, framhald málsins, hvort það sé þtilkynnt leikskólustjóra leikskólans eða hvort nauðsyn þykir að hafa samband við Odda bs. Foreldraráð starfar sjálfstætt og heldur fundi eins og fulltrúar ráðsins telja þörfina vera en vinna samt sem áður í góðri samvinnu við leikskólustjóra.

Áherslur í starfi leikskólans skólaárið 2026-2027

Töluverðar breytingar verða á starfsmannahaldi næsta vetur þegar til starfa koma tveir kennaramenntaðir starfsmenn. Það eru þær Erla Berglind Sigurðardóttir, leikskólakennari, sem tekur við deildarstjórn uppí á Landi og Margrét Ólafsdóttir, íþrótt- og heilsufræðingur og kennari, sem verður sérgreinastjóri heilsueflingar og útikennslu. Til viðbótar útskrifast tveir starfsmenn úr kennaranámi og fjölga því kennaramenntuðum starfsmönnum úr 3 í 7. Allar stjórnendastöður leikskólans verða þá mannaðar kennurum. Þetta mun óhjákvæmilega lyfta starfinu í leikskólanum næsta vetur.

Við munum áfram starfa í takti við þær áherslur sem lagðar voru nú í vetur. Við munum halda áfram innleiðingu og vinnu með jákvæðan aga. Á haustönn verður boðið upp á fræðslu fyrir foreldra um jákvæðan aga og er markmiðið að auka samstarf og ráðgjöf til foreldra um þessa aðferðarfræði. Við munum vinna markvisst að því að efla námssöguskráningar sem aðferð til námsmats en ekki síður til eflingar þess lærdómssamfélags sem leikskólinn á að vera. Þá munum við áfram vinna að innleiðingu á heilsueflandi leikskóla og marka okkur skýra stefnu í þeim málaflokki. Með tilkomu sérgreinastjóra heilsueflingar og útikennslu munum við hefja innleiðingu á YAP leikskólafimi, sem er snemmtæk íhlutun í hreyfiproska barna. Að sama skapi munum við áfram vinna að þróun útikennslusvæðis og stefnum ótrauð að því marki að verða framúrskarandi leikskóli á því sviði.

Á komandi skólaári munum við vinna að endurskoðun skólanámskrár og í kjölfarið áætlun leikskólans um innra mat. Þá munum við endurskoða læsisstefnu leikskólans og vinna að markvissri áætlun um vinnu með mál og læsi í öllum aldurshópum. Áfram verður unnið að endurskoðun handbóka og áætlana leikskólans og skal þeirri vinnu lokið að vori 2027.

Gerðar verða áherslubreytingar á teymisvinnu innan leikskólans með það að markmiði að fjölga þeim aðilum sem taka þátt í teymisvinnu um faglegt starf. Hingað til hefur fámennur hópur staðið að baki allri formlegri stefnumótun. Mikilvægt er að allir starfsmenn upplifi að starf þeirra og þekking sé metið að verðleikum og að þeir fái tækifæri til að eflast í sínu hlutverki.

Að vori 2027 stefnum við síðan á að fara í námsferð til Finnlands. Þar munum við kynnast skólafélag Finna og skoða leikskóla sem leggja áherslu á fjölbreytt tækifæri til útikennslu.

Næsta vetur verður unnið að mótun nýrrar starfsáætlunar fyrir allar deildir þar sem áhersla verður lögð á þrjá þætti, jákvæðan aga, málörvun og læsi og námssöguskráningar.

Starfsáætlun 2026-2027

Júlí	Sumarlokun í fimm vikur.
Ágúst	Leikskóli opnar 4. ágúst eftir sumarfrí. Áhersla á frjálsan leik og útiveru. Unnið að skipulagi vetrarins. Framkvæmdum við Land lýkur og deildin flutt á sinn stað. Starfsmannafundur: farið yfir starfsáætlun og áhersluatriði vetrarins, fræðsla um námssöguskráningar og málörvun
September	Starf í samræmi við stundaskrá hefst. Áhersla á náttúruna og nánasta umhverfi barnsins. Dagur íslenskrar náttúru 16. September. Skólaheimsóknir elstu barna hefjast. Námsmat í samræmi við námsmatshandbók leikskólans hefst á öllum deildum. Hljómpróf lögð fyrir elsta árgang. Áætlaður foreldrafundur og aðalfundur foreldraráðs. Endurmenntun: Menntadagur Rangárbings ytra 4. September Starfsmannafundur: Farið yfir áfalla- og rýmingaráætlun, eineltisáætlun og jafnréttisáætlun. Einnig farið yfir verklagsreglur vegna tilkynninga til barnaverndar. Fræðsla um jákvæðan aga Innra mat: Starfsmannasamtöl: hlutverk starfsmanna á komandi vetri
Október	Áhersla á nánasta umhverfi barnsins. Unnið með vináttu. Bangsadagur 27. október. Hrekkjavökugleði 31. október. Endurmenntun: Haustþing leikskóla 2. október. Réttindanámskeið jákvæðs aga á Akureyri Innra mat: Ígrundunarsamtöl starfsfólks út frá sjálfsmatslista.
Nóvember	Áhersla á málörvun og læsi, unnið með þulur og ljóð. Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember og sameiginleg dagskrá með 1. og 2. bekk. Bókavika hefst. 16. nóvember á öllum deildum. Starfsdagur 13. nóvember þar sem foreldraviðtöl verða undirbúin. Foreldraviðtöl. Jólaundirbúningur hefst. Grýluleikrit í boði foreldrafélags. Innra mat: Starfsfólk fyllir út tengslakönnun.
Desember	Áhersla lögð á rólegan undirbúning jóla, piparkökubakstur og foreldrakaffi. Jólball haldið í leikskólanum og generalprufa fyrir jólasýningu grunnskólans. Skráningardagar í kringum jól. Foreldrafélag býður til samveru tengt jólahátíðinni. Starfsmannafundur: Farið yfir starf vetrarins
Janúar	Áhersla lögð á þjóðlega íslenska siði, þulur og íslenskar vísur. Þorrablót verður á bóndadaginn 22. janúar, börnin æfa skemmtiatriði og boðið verður upp á harmonikkuleik og dans. Vetrarmyrkrið notað til skapandi starfs með ljós og skugga. Hljómpróf lagt aftur fyrir þau börn sem komu slök út í prófun í september (ef einhver eru).

	Innra mat: Mat á líðan barna – vinakönnun.
Febrúar	Áhersla á stærðfræðitengda þætti. Dagur leikskólans haldinn hátíðlegur og ömmum og öfum boðið í kaffi 4. febrúar. Læsisátak hefst 15. febrúar. Bolludagur, sprengidagur og öskudagur. Starfsdagur 12-16 á öskudag 10. febrúar. Glitrandi dagur 26. febrúar. Innra mat: Starfsmannasamtöl: líðan í starfi Starfsmannafundur: Ígrundun á námssöguskráningum
Mars	Áhersla á heilbrigði og vellíðan, unnið með næringu, hollustu og heilsu. Tannverndarvika. Áhersla lögð á fjölbreytt páskaferðir. Skráningardagar í dymbilviku
Apríl	Unnið með jafnrétti, mannréttindi og fjölbreytileika. Ræktunarstarf hefst og fræjum sáð. Innra mat: Sjálfsmat elstu barna Endurmenntun: Námsferð til Finnlands
Mái	Unnið með vorið, náttúruna og umhverfisvernd. Vorskóli elstu barna og útskriftarferð. Samstarf við nærumhverfi um skoðunarferðir. Úrvinnsla kannana og ársskýrslugerð. Innra mat: Foreldrakönnun, starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl um starf vetrarins og undirbúningur fyrir næsta vetur. Starfsmannafundur: Farið yfir starf vetrarins
Júní	Áhersla á útiveru og frjálstan leik. Farið í vettvangsheimsóknir í næsta nágrenni leikskólans. Fjölskyldudagur og útskrift 11. Júní. Hjóladaður. Sumarlokun í fimm vikur frá og með 28. júní.

Þetta er, eins og fram kemur í inngangi kaflans, áætlun til að ramma starfið inn og gæta þess að unnið sé markvisst eftir aðalnámskrá leikskóla. Einstaka liðir geta breyst vegna aðstæðna og einnig er hlustað á börnin, þau höfð með í ráðum og þeirra hugmyndir og óskir teknar til greina við skipulagningu starfsins.

Fylgiskjöl

1. Skóladagtal fyrir skólaárið 2026-2027
2. Niðurstöður foreldrakönnunar

Laugalandi 3. júní 2026

Kristín Ósk Ómarsdóttir
Leikskólastjóri